

Fundur keppnisráðs AKÍS í rally með keppnishöldurum í sérleiðarally

Haldinn 28. september 2020 í fundasal ÍSÍ

Mættir:

Frá AIFS – Magnús Ragnarsson og Arnar Árnason.

Frá BÍKR – Hlöðver Baldursson, Heimir Jónsson, Hanna Ragnarsdóttir og Kolbrún Vignisdóttir.

Frá BS - Katrín Andrésdóttir og Baldur Haraldsson.

Frá keppnisráði – Ingimundur Helgason og Aðalsteinn Símonarson.

Fundurinn var nokkuð laus í formi og skipulagi en eftirtalin atriði voru rædd og ákveðin:

Fjöldi þátttakenda:

AS sagði að við skoðun á þátttöku undanfarinn áratug kæmi í ljós að 2020 væri mjög nálægt meðaltalinu eða 15,6 skráningar að meðaltali í hverri keppni meðan meðaltalið væri 16,4.

Bent var á að rallykross væri í uppgangi núna og í gegnum tíðina minnkaði oft þátttaka í rally þegar hún væri góð í krossinu.

2017 var fyrsta ár með styrktarsamning frá AB varahlutum við keppendur í „non turbo“ flokknum, það hvatti mikið til þátttöku. Nýr samningur kom seint til fyrir þetta tímabil og skýrir það mögulega litla þátttöku í þeim flokki.

Fundarmenn voru ekki á því að keppnisgjöld væru að valda lítilli þátttöku, frekar vegalengdir og rekstrarkostnaður.

Niðurstaða var að það væru alltaf einhvefjar sveiflur í þátttöku og mjög líklegt að COVID-19 spilaði mikið inn í þetta ár.

Keppnishald 2021:

BÍKR hefur ekki ákveðið hvað klúbburinn hyggst halda margar keppnir á næsta ári en stefna á að vera bara í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og halda kostnaði í lágmarki. Einnig á eftir að ákveða fyrirkomulag á „Rally Reykjavík“, fjölda keppnisdaga o.þ.h.

AIFS hyggst halda að venju halda eina keppni og er alveg til í að skoða með að halda tvær ef pláss er í dagatalinu.

BS segjast bjartsýn á að geta haldið keppni á Sauðárkróki, það sé í skoðun.

Niðurstaðan á klúbbarnir þrír ræða saman og koma sér saman um drög að dagsetningum tímanlega fyrir formannafund í nóvember. Keppnisráðið er tilbúið að koma inn í umræðurnar ef þurfa þykir.

Tímatökubúnaður:

IH útskýrir virkni rafræns tímatökubúnaðar sem hannaður og smíðaður er héraendis og var prófaður í fjórum bílum í Rally Reykjavík fyrir skemmstu. Búnaðurinn byggir á GPS og farsímasambandi og reyndist nákvæmni hans vera mjög góð. Eftir er að útfæra nokkur atriði og er stefnt á að búnaðurinn verði tilbúinn til notkunar í öllum bílum fyrir keppnistímabilið 2021.

Útlit er fyrir að búnaður í hvern bíl muni kosta um 50.000 kr. og var mál manna að eðlilegast væri að klúbbarnir fjármögnuðu kaup á búnaðinum og innheimtu afnotagjald af þátttakendum. KA bauðst til að aðstoða við að sækja um styrki til að fjármagna verkefnið.

Reglur:

Almennt vel heppnaðar, þó þarf að laga sniðmát fyrir sérreglur.

Fundarmenn sammála um að naðsynlegt væri að reglur væri fylgt og formfesta væri í keppnishaldinu.

Flokkar:

Allir á því að flokkur A og heildin eigi að vera sami flokkurinn.

Þurfum að vinna í að búa til flokk með bílum sem gott framboð er af og væri hægt að útbúa í rally fyrir ekki allt of mikinn pening. Einnig mælt með að skoða að endurvekja nýliðaflokk, hann gæti jafnvel verið sem hluti af AB varahlutaflokknum.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson